

Fundargerð 219. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. haldinn
3.september 2025, kl.13.00 á Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mætt:

Salóme Guðmundsdóttir, stjórnarformaður
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Einar Gunnar Thoroddsen, stjórnarmaður,
Guðmundur Daði Rúnarsson, stjórnarmaður,
Guðný Birna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Bryndís Lúðvíksdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð,
Ólafur Lúther Einarsson lögmaður hjá Novum, kom inn á fundinn undir lið 4,
Elín Guðnadóttir verkefnastjóri, kom inn á fundinn undir lið 2,
Samúel Pétursson þróunarstjóri, kom inn á fundinn undir lið 2

1. *Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og skuldbindingar félagsins* – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri lagði fram mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og skuldbindingar félagsins sem liggja inni á stjórnargátt.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

2. *Háaleiti - verkefnis- og kostnaðaráætlun* - til samþykktar

Elín Guðnadóttir yfirverkefnastjóri fór yfir verkefnislýsingu og kostnaðaráætlun um mótun framtíðarsýnar fyrir Háaleiti og Háaleitishlað. Aðalmarkmiðið er að dýpka sýn og kanna viðskiptatækifæri svæðisins.

Umræður um tímalínu, hugmyndir um hverslags verkefni gætu hentað inn á svæðið til lengri tíma. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að horfa ekki einungis til starfsemi sem þekkist í dag, heldur að horfa til þróunar á mögulegri starfsemi. Mikilvægi þess að leggja áherslu á flugtengda starfsemi þar sem er gott aðgengi að flughlaði.

Stjórn samþykkti verkefnislýsingu og kostnaðaráætlun

3. *Ósk um niðurfellingu gjalda* – minnisblað til kynningar

Stjórnarformaður sagði frá fundi sem hún ásamt framkvæmdastjóra áttu með eiganda félagsins. Afstaða eiganda er skýr enda kostnaðarþátttaka ríkisins nú þegar í boði í formi stofnframlags til þess háttar verkefna.

Gjöld verða ekki felld niður en framkvæmdastjóra falið að sendi formlegt svar til sveitarfélagsins og heimilt að veita afslátt af byggingarréttargjaldi.

4. *Stefna um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar – til samþykktar*

Ólafur Lúther lögmaður hjá Novum kom inn á fundinn undir þessum lið, fór yfir drög að stefnu stjórnar um skipulagsgerð og sölu byggingarréttar.

Stefna og reglur verða samþykktar af stjórn. Mikilvægt að stefnan verði kynnt fyrir eigendum félagsins með reglulegum hætti.

Ákveðið var að stjórn fengi kynningu á stefnu og tæki sér svo tíma til að fara yfir stefnuna, áður en hún væri tekin til samþykktar. Umræður varðandi lög og reglur, umboð og eigendastefnu, einnig um að útbúa þurfi sérleyfissamninga ef svo ber undir, og að þeir verði liður í reglum stjórnar.

Ákveðið að stefnan verði tekin til samþykktar á næsta fundi, svo verða reglur ræddar og útfærðar á næstu vikum.

5. *Verk og vit 2026 – til samþykktar*

Framkvæmdastjóri sagði frá þátttöku Kadeco, Isavia, Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar í Verk og Vit árið 2024.

Lagt til að Kadeco taki frumkvæði að þátttöku í sýningunni vorið 2026.

Stjórn samþykkti tillöguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:01